

# FUNDARGERÐ

## 165. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Víkurskóli

**Fundartími:** Miðvikudagur 24. febrúar 2010 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

**Formaður setti fund og stjórnaði.**

### Gerðir fundarins:

Á fundinn eru mætt: Magnús Sæmundsson skólastjóri, Halla Ólafsdóttir deildarstjóri leikskóla, Kristinn Jóhann Níelsson deildarstjóri tónskóla, Anna Björnsdóttir deildarstjóri grunnskóla, Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Æsa Gísladóttir fulltrúi foreldraráðs grunnskóla og Victoria Jónsson fulltrúi foreldra leikskólabarna.

- 1. Sjálfsmat – bréf menntamálaráðuneytis dags. 22. janúar 2010.**  
Efni: Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla haustið 2009.  
Skólastjóri gerir grein fyrir stöðu mála.  
Kerfisbundið sjálfsmat skólans hefur farið fram og skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur fyrir í maí 2010.
- 2. Samræmd könnunarpróf – bréf menntamálaráðuneytisins dags. 7. janúar 2010.**  
Efni: Tilkynnt um dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4. 7. og 10. bekk haustið 2010.  
Samræmd könnunarpróf verða 20. – 24. september 2010.  
Lagt fram til kynningar.
- 3. Fjöldi skóladaga – frá fyrra fundi.**  
Samkvæmt upplýsingum frá Grunnskóla Mýrdalshrepps voru ákvæði um fjölda skóladaga á ári ekki uppfyllt að öllu leyti í 1. – 10. bekk skólans. Skóladagar voru 176.  
Skólastjórnendur svara menntamálaráðuneytinu.
- 4. Skóladagatal – tillaga að breytingu.**  
Bréf skólastjóra Víkurskóla dags. 17.02.2010.  
Óskar hann eftir að fyrirhugaður starfsdagur kennara (leik-, grunn- og tónskóla) sem vera átti föstudaginn 19. mars 2010 verður fluttur fram til mánudagsins 15. mars 2010.  
Fyrst og fremst kemur þetta til vegna danskennara sem Víkurskóli er að fá á þessum tíma og lítur beint að undirbúningi árshátíðar grunnskólans 24. mars 2010.  
Fræðslunefnd samþykkir breytinguna.
- 5. Bréf Eyrúnar Jónsdóttur og Þórunnar Einarsdóttur dags. 18.02.2010.**  
Í bréfinu óska þær eftir að fá greiddan bensínkostnað vegna ferða þeirra á Hellu og á Hvolsvöll þar sem þær taka þátt í 210 tíma fagnámskeiði fyrir leikskólastarfsmenn.  
Skólastjóra er falin afgreiðsla málsins.  
Fræðslunefnd kallar eftir viðmiðunarreglum varðandi náms- og ferðakostnað starfsmanna Mýrdalshrepps.
- 6. Skólaráð.**  
Formaður og skólastjóri gera grein fyrir samsetningu skólaráðs.  
Skólastjóra falið að sjá um kosningu í ráðið.

**7. Menntastefna.**

Formaður gerir grein fyrir vinnu samstarfshóps Menntastefnu og er hún á áætlun. Gert er ráð fyrir að hún verði tilbúin 18. mars n.k.

**8. Önnur mál.**

Formaður lýsti ánægju sinni með nýja heimasíðu Víkurskóla.

Inger lagði fram vinnublað vegna kostnaðar á máltíð í mötuneyti Víkurskóla. Óskað er eftir að máltíðin fari úr 250 krónum í 280 krónur. Ástæðuna má rekja til 13,5% hækkunar á hráefniskostnaði 2009 og 12,80% hækkun á launakostnaði á árinu 2009.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Ákveðið að formaður og skólastjóri fundi með forstöðumanni Hjallatúns.

Halla sagði frá því að leikskólabörn færu nú í sund á föstudögum.

Einnig sagði Halla frá því að Guðný Guðnadóttir hefði komið ferandi hendi á Leikskólann og fært þeim „Pétur og úlfinn“ sem er spil og kennsluefni í tónlist.

Formaður vakti athygli á listasýningu barna í leikskólanum Suður-Vík sem opnuð var í Arion-banka, í tengslum við dag leikskólans sem var 6. febrúar s.l. Sýningin hefur vakið mikla athygli og er opin út febrúarmánuð.

Skólastjóri sagði frá fyrirhugaðri leiksýningu á „Einari Áskeli“ sem fer fram 3. mars n.k. í Leikskálum.

Kristinn sagði frá tónleikum sem halda á í Leikskálum laugardaginn 27. febrúar n.k. í tengslum við dag tónskólans. Gert er ráð fyrir tvennum tónleikum sama dag.

Fundi slitið kl.18:00

_____	_____	_____
	Þorgerður Einarsdóttir formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
_____	_____	_____
Inger Schiöth		Lára Oddsteinsdóttir
_____	_____	_____